

Fréttatilkygning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 10/2018.

Reykjavík, 15.05.2018

2018010057

Efni: Innköllun á Gula miðanum - B-súper fæðubótarefni.

Heilsa ehf. hefur, að höfðu samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, innkallað fæðubótarefnið Guli miðinn - B-súper vegna þess að það inniheldur of mikið af B6-vítamíni.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin **einskorðast** við:

Vörumerki: Guli miðinn.

Vöruheiti: B-súper.

Best fyrir dagsetningar: Allar.

Lotunúmer: Öll.

Strikanúmer: 5690684000196 og 5690684000172.

Nettómagn: 30 og 120 töflu glös.

Pökkunaraðili: Heilsa ehf., Bæjarflöt 1-3, 112 Reykjavík.

Dreifing: Verslanir um land allt.

Neytendum sem hafa keypt vöruna er bent á að neyta hennar ekki eða farga eða skila henni til þeirrar verslunar þar sem hún var keypt gegn endurgreiðslu. Nánari upplýsingar veitir Heilsa ehf. í síma 517 0670.

